

Dómsorð:

Stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er rétt að sækja stefnendur, Guðmund Guðmundsson og Trésmiðjuna Víði h/f, til greiðslu skatts á stóreignir, að fjárhæð samtals kr. 427.-571,00. Af þeirri fjárhæð greiði Trésmiðjan Víðir h/f kr. 89.035,00.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 9. desember 1959.

Nr. 49/1958. **Þorsteinn Sæmundsson**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
dánarbúi Jóns Brandssonar
(Áki Jakobsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Magnús
P. Torfason.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1958 að fengnu áfrýjunarleyfi 28. marz s. á. og krafizt þess aðallega, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 150,00, en *til vara*, að úrslit málsins verði látin velta á sönnunareiði sínum. Áfrýjandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram ný gögn.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að

greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorsteinn Sæmundsson, greiði stefnda, dánarbúi Jóns Brandssonar, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. október 1956.

Mál þetta, sem var dómtekið 3. þ. m., hefur Áki lögfr. Jakobsson, Laugavegi 27 hér í bæ, f. h. dánarbús Jóns Brandssonar, Borgarfjarðarsýslu, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 23. sept. 1955, gegn Þorsteini Sæmundssyni, Garðavegi 9 A í Hafnarfirði, til greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 15.000,00, með 6% ársvöxtum frá 12. apríl 1949 til greiðsludags, 1% dráttarvöxtum p. a. frá 1. sept. 1949 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómara. Enn fremur krefst hann viðurkenningar á 1. veðrétti í húseigninni nr. 9 A við Garðaveg í Hafnarfirði til tryggingar kröfunum. Stefndi hefur *aðallega* krafist sýknu og málskostnaðar gegn greiðslu á kr. 500,00, þó að fráðregnum kr. 350,00. Til vara krefst stefndi þess, að úrslit málsins verði látin velta á eiði hans.

Málavextir eru þeir, að Jón heitinn Brandsson seldi stefnda húseignina nr. 9 A við Garðaveg í Hafnarfirði með afsali, dagsettu 13. apríl 1949, fyrir kr. 45.000,00. Greiddi stefndi þegar kr. 30.000,00, en gaf út skuldabréf fyrir eftirstöðvunum, kr. 15.000,00, tryggt með 1. veðrétti í húseigninni. Gjaldldagi bréfsins var 1. september 1949, og skyldi þá og greiða 6% vexti. Jón Brandsson andaðist 2. október 1950, og á skiptafundi í búi hans, er haldinn var 18. okt. 1952, var þess getið, að stefndi teldi sig hafa greitt skuld þessa, en hefði eigi kvittun fyrir. Á fundi þessum var Áka Jakobssyni falið að innheimta skuldina. Hafði hann þegar höfðað mál í því skyni með stefnu, út gefinni 22. sept. 1952, en málið var hafið með dómi bæjarþingsins 14. des. 1954 vegna útivistar sækjanda og stefnanda dæmt að greiða kr. 350,00 í málskostnað. Síðan var þetta mál höfðað, eins og fyrr var sagt. Síðastgreint málskostnaðarákvæði í útivistardóminum er grundvöllur undir kröfu stefnda um frádrátt á kr. 350,00, sem fyrr var lýst.

Stefndi skýrir svo frá, að nokkru áður en skuldabréfið féll í

gjaldþaga, hafi Jón heitinn komið og óskað þess, að stefndi greiddi skuldina, þótt gjaldþagi væri ekki kominn. Kveðst stefndi hafa greitt Jóni kr. 14.000,00 þá og kr. 500,00 nokkru síðar. Greiðslur þessar voru ekki færðar inn á bréfið, og stefndi fékk engar kvittanir, en peninga til að inna greiðslur þessar af hendi kveðst stefndi hafa fengið hjá þrem mönnum, og hafa þeir komið fyrir dóm og staðfest það. Kona stefnda hefur einnig komið fyrir dóm og skýrt frá, að stefndi hafi greitt Jóni heitnum kr. 14.000,00, og hafi hún verið viðstödd. Loks skýrir kona stefnda frá því, að ráðskona Jóns heitins hafi síðar komið og viljað fá kr. 500,00, og skildi kona stefnda það svo, að átt væri við eftirstöðvar þær af skuldinni, sem stefndi kannast við að skulda.

Ráðskona Jóns heitins hefur komið fyrir dóm og kveðið það rétt, að Jón heitinn hafi vísað henni á að taka hjá stefnda kr. 500,00, er stefndi skuldaði, en hún kveður sér með öllu ókunnugt, hvort stefndi hafi nokkuð greitt af skuldabréfinu, og hún tók ekki við neinu fé af stefnda. Samkvæmt vottorðum manna þeirra, er fyrr var sagt frá, fékk stefndi hjá tveim þeirra samtals kr. 5.000,00 hinn 3. september 1949, en kr. 9.500 hjá hinum þriðja hinn 1. nóv. 1949, en hinn síðastnefndi taldi sig þó, er hann kom fyrir dóm, hafa afhent stefnda kr. 7.000,00 fyrir ágústlok 1949, en gjaldþagi skuldarinnar við Jón Brandsson var 1. sept. 1949.

Þegar virt eru þessi gögn málsins, verður ekki talið, að stefnda hafi tekizt að sanna þær staðhæfingar, sem hann byggir sýknukröfu sína á. Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda skuldina samkvæmt skuldabréfinu, kr. 15.000,00. Þá ber og að taka til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu á veðrétti hans svo og kröfu hans um vexti og dráttarvexti, en vegna fyrningar á hluta þeirra teljast þeir frá 23. september 1951. Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað, sem ákveðst kr. 1.600,00. Hins vegar þykir stefndi eiga rétt á að skuldajafna kröfu sinni um málskostnað, kr. 350,00, er fyrr var greint frá, við kröfur stefnanda.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Framangreindur veðréttur er viðurkenndur.

Stefndi, Þorsteinn Sæmundsson, greiði stefnanda, dánarbúi Jóns Brandssonar, kr. 15.000,00 með 7% ársvöxtum frá 23. sept. 1951 til greiðsludags og kr. 1.600,00 í málskostnað, allt að frádregnum kr. 350,00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. desember 1959.

Nr. 114/1959. Sigurbjörg Sigurðardóttir

(Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Ellí- og hjúkrunarheimilinu Grund

(Magnús Thorlacius hrl.)

og gagnsök

og

Ellí- og hjúkrunarheimilið Grund

gegn

Guðmundi Böðvarssyni

(Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramennir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Magnús
P. Torfason.

Vísan máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júní 1959 og krefst þess, að henni verði dæmd sýkna og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi og svo gjafvarnar- og gjafsóknarleyfi 25. september 1959 og áfrýjað málinu með stefnu 30. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda og stefnda verði in solidum dæmt að greiða sér kr. 4.036,41 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. september 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og svo, að þeim verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnar- og gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur,